

hjáleiga frá hinni fornu jörð Reykjavík, og með því það er upplýst í málinu, að hús það, sem hjer um ræðir, er hið einasta íveruhús, sem nú er á Landakoti, og notað við ábúðina á því, en af Landakotinu er jarðartíund greidd til kirkjunnar eptir dýrleika þess, er nefnt hús undanþegið kirkjugjaldi samkvæmt 1. gr. laga um kirkjugjald af húsum 19. sept. 1879. Það ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og samkvæmt lögum um lögtak og fjárnám 16. des. 1885, 13. gr., að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verða samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málsvarnarlaun. Að því málið hefur verið gjafvarnarmál, vottast, að flutningur þess fyrir yfirdómi hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal úr gildi felldur. Stefndi, síra St. Thórarensen fyrir hönd Reykjavíkur dómkirkju, greiði áfrýjandanum, præp. hon. Benedikt Kristjánssyni, málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 37/1890:

Bæjarstjórn Reykjavíkur  
gegn  
Ingjaldi Sigurðssyni.

Dómur:

Það sjest af skjölum máls þessa, að áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, hefur áður höfðað mál gegn

hinum stefnda, Ingjaldi Sigurðssyni, eiganda Lambastaða, til þess að fá ákveðin með dómi landamerkin milli Reykjavíkur lands og Lambastaða lands, og jafnframt sjest það, að þessu hefur þó eigi orðið framgengt, með því að landamerkjadómur sá, sem upp var kveðinn í nefndu máli, var dæmdur ógildur af yfirrjetti, og þó aptur síðar hafi af hálfu Reykjavíkur kaupstaðar verið gjörð önnur tilraun til þess að fá fullnaðardóm um landamerkin, virðist það eigi hafa heppnast. — En í hitt eð fyrra haust ljet bæjarstjórn Reykjavíkur setja upp merkisteina, þar sem hún taldi, að landamerkin væru milli Reykjavíkur lands og Lambastaða. Hinn stefndi áleit þetta gjörræði og yfirgang og felldi um koll eða færði úr stað nokkra af þessum steinum. Svo ljet hann og taka eitthvað af mó upp Reykjavíkur megin við steina þessa, sem bæjarstjórnin hafði látið setja upp. Út af þessu höfðaði bæjarstjórnin mál á móti Ingjaldi Sigurðssyni fyrir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, til sekta og skaðabóta fyrir gjörræði eða ólöglega sjálfstöku, en málinu var með dómi gestarjettarins 26. okt. f. á. frávísað, með því að það væri þess eðlis, að það ætti að koma fyrir landamerkjadóm; málskostnaður var látinn falla niður. Þessum gestarjettardómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 29. des. f. á., til þess að hann verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til dómsáleggingar að efninu til, og hefur áfrýjandinn jafnframt krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða upp í áfrýjunarkostnað málsins 30 kr. eða einhverja nægilega upphæð eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði

skyldaður til að greiða honum málskostnað að minnsta kosti 30 kr.

Það er skýlaust tekið fram í málgögnum áfrýjanda, að bæjarstjórnin hafi látið setja upp hina umræddu steina þar, sem hún álitur landamerkin vera milli Reykjavíkur og Lambastaða, og af því að hún telur landið vestur þangað eign Reykjavíkur, og á hinn bóginn hefur hinn stefndi tjáð, að hann hafi raskað steinum eða fært þá úr lagi, af því að hann telji land eignarjarðar sinnar ná austur fyrir þá, og telji spildu þá austan steinanna, þar er mórinn var tekinn, sína eign sem eiganda Lambastaða. Að vísu verður í máli þessu, sem höfðað hefur verið fyrir gestarjetti til skadabóta og sekta, eigi dæmt um landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða, en samt var eigi ástæða til að vísa því frá gestarjettinum, því að í málinu bar að eins að dæma um það, hvort áfrýjandi hafi sannað eignarrjett sinn eða eignarhald að þeirri landspildu, sem um er að ræða í málinu, eða því landi, þar sem hann hafði látið reisa merkjasteinana, og þannig gæti komið máli sínu til skadabóta og sekta fram eða ekki. Það ber því að dæma hinn áfrýjanda gestarjettardóm ómerknan og vísa málinu heim til dómsáleggingar að efninu til.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi gestarjettardómur á að vera ómerk-  
ur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.